

8. Úrskurðir Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála

Úrskurðir úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindarmála nr. 95/2016 og 96/2016 lagðir fram til kynningar. Þann 12. júlí s.l. var útgáfa sveitarstjórnar á framkvæmdaleyfum kærð til úrskurðarnefndarinnar, annars vegar fyrir framkvæmd Þeistareykjalínu 1 og hins vegar framkvæmd Kröflulínu 4 þar sem Landvernd (kærandi) krafðist stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða og varð nefndin við því. Nefndin skilaði úrskurði þann 27. október s.l

Úrskurðaðorð úrskurðar nr. 95/2016 eru eftirfarandi:

„Felld er úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 13. apríl 2016 um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir Þeistareykjalínu 1 til handa Landsneti hf.“

Úrskurðaðorð úrskurðar nr. 96/2016 eru eftirfarandi:

„Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 13. júní 2016 um að samþykka framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4 til handa Landsneti hf.“

Ragnar Bjarnason yfirgaf fundinn undir þessum dagskrárlið vegna vanhæfis.

Til kynningar:

- a. Fundargerð 26. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga
- b. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga frá 21.09.2016
- c. Fundargerð 186. fundar HNE
- d. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 23.09.2016
- e. Fundargerð fundar stjórnar DA
- f. Fundargerð fundar stjórnar Leigufélags Hvamms

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25



Gospelmessa í Þorgeirskirkju

Gospelmessa verður haldin í Þorgeirskirkju sunnudagskvöldið 13. nóvember kl. 20.00. Gospelkór Akureyrar syngur við messuna undir stjórn Heimis Ingimarssonar. Um er að ræða messu fyrir Háls-Ljósavatns- og Lundarbrekkusóknir. Fermingarbörn sérstaklega hvött til að mæta með fjölskyldum. Söfnuður í syngjandi sveiflu. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hlaupastelpan

Kemur út á miðvikudögum

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á MÁNUDÖGUM

**Bjóðum upp á : Hálsíðu kr 3200
Heilsíðu kr. 4300**

hlaupastelpan@isl.is/s: 8953386



„Fótsnyrting“

Kvenfélag Ljósvetninga býður íbúum, 67 ára og eldri á félagssvæði kvenfélags Ljósvetninga upp á fría fótsnyrtingu í Stórutjarnaskóla laugardaginn 12. nóvember nk.

Tímapantanir berist
fyrir föstudaginn 11. nóvember til:
Hrefnu s: 464-3454 / 821-3454



Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi
sunnudag, 13. nóvember klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur

3. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 11.10.2016

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 11. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.10.2016

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20. október s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Ragnar Bjarnason tók ekki þátt við afgreiðslu 3. liðar fundargerðar vegna vanhæfis.

5. Erindi – Lionsklúbbur Húsavíkur

Lionsklúbbi Húsavíkur hefur staðið fyrir forvarnarverkefni gegn ristilkrabbameini og óskar eftir áframhaldandi stuðningi Þingeyjarsveitar næstu fimm árin. Lionsklúbbur Húsavíkur hóf samstarf við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um verkefnið árið 2012.

Sveitarstjórn samþykkir kr. 100.000 á ári, næstu fimm árin og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2017.

6. Erindi – Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Tekið fyrir að nýju erindi frá formanni stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, Ara Teitssyni, dags. 29. júní s.l. þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í stofnfjárukningu sparisjóðsins.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í stofnfjárukningu Sparisjóðs Suður-Þingeyinga að fjárhæð þrjár millj. kr. og styrkja þar með fjárhagslega stöðu sjóðsins. Sparisjóðurinn er mikilvægur samfélaginu, íbúum og atvinnuuppbyggingu heima í héraði. Þá er sparisjóðurinn rekinn á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar frekar en vænts hagnaðar af hlutafé sem fellur að 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2017.

7. Kostnaðaráætlun vegna lóðar Krílabæjar

Lögð fram og tekin til umræðu kostnaðaráætlun ásamt lóðaruppdrætti vegna endurbóta á leikskólalóð leikskólans Krílabæjar sem unnin er af Landslagi ehf.

Samþykkt að vísa kostnaðaráætlun og lóðaruppdrætti til umfjöllunar í Fræðslunefnd.

**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
03.11.2016**

**202. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

haldinn í Kjarna fimmtudagur 3. nóvember 2016 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árne Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir breytingu á dagskrá, að færa 5. lið; Úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála, undir 8. lið og aðrir liðir færast ofar á dagskrá sem því nemur.

Dagskrá:

1. Nýtt rekstrarleyfi – Daðastaðir
2. Nýtt rekstrarleyfi – Litlu-Laugar
3. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 11.10.2016
4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.10.2016
5. Erindi – Lionsklúbbur Húsavíkur
6. Erindi – Sparisjóður Suður-Þingeyinga
7. Kostnaðaráætlun vegna lóðar Krílabæjar
8. Úrskurðir Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála

1. Nýtt rekstrarleyfi – Daðastaðir

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 27. október s.l. Þar sem Jóna Jónsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar á Daðastöðum í Reykjadal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

2. Nýtt rekstrarleyfi – Litlu-Laugar

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 25. október s.l. Þar sem Dögg Káradóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar á Litlu-Laugum í Reykjadal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Viskínámskeið í Dalakofanum

12. nóvember kl. 20.

Saga og smökkun viskí með Snorra Guðvarðar

Veistu hvað þú ert að drekka? Þekkir þú söguna? Er viskíið gullið eða rafgullið? Er það Highland eða Lowland? Hvað er Speyside og Islay? Á námskeiðinu verður farið í söguna, upphaf viskíframleiðslu, svo og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði skoðuð. Áhersla á Skotland. Smökkun margra mismunandi tegunda.

Verð 5.000 kr. á mann.///ATH! breytt verð

Þátttaka tilkynnist í síma 4643344 í síðasta lagi 11. nóv

Breyttur opnunartími

Frá 13.nóvember verður Dalakofinn opinn á sunnudögum frá 11 - 20

Alla aðra daga er opið frá kl. 9 – 20

Eldhúsið lokar kl. 19.45

Verið ávallt velkomin

Dalakofinn Laugum

s. 464-3344 dalakofinn.is



Konur í Kvenfélagi Aðaldæla.

Súpufundur verður haldinn í Vestmannsvatn Guesthouse. (sumarbúðunum) 14. nóv. Kl. 20.00. Venjuleg haustfundarstörf. Nýjar konur ávallt velkomnar.

Stjórnin

p.s. Takið einnig 7 des frá.



Íslandspóstur óskar eftir aðilla (verktaka) sem hefur áhuga að sinna landpóstakstri (dreifing á pósti) í kringum Lauga hluta úr degi á eigin bifreið, ekið er annan hvern dag. Lengd akstursleiðar er samkomulagsatriði, en æskilegt er að umsækjandi búi sem næst Laugum þar sem pósti verður ekið í Lauga.

Skilyrði er að viðkomandi sé með bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Ágústsdóttir, sími 825-1439 eða á netfangið gudruna@postur.is

Umsókn skal senda sem fyrst á gudruna@postur.is

45.tbl.
9. nóv
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Leikstjóri: Agnes Wild



Elska

Ástarsögur
Norðlendinga

11. og 12.
nóvember
kl. 20:00
Í Hofi